

**611. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 25. apríl 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 611 lögmætan.

Dagskrá:

1. Endurskoðun og ársreikningar 2022 - 2301033

Ársreikningar ársins 2022 lagðir fram til fyrri umræðu.

Sigurjón Ö. Arnarson og Gyða Steinsdóttir frá KPMG voru gestir á fundinum í gegnum fjárfundabúnað undir þessum lið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa ársreikningum ársins 2022 til síðari umræðu í sveitarstjórn sem fer fram 09.05.2023.

2. Sumarlokun skrifstofu 2023 - 2304062

Tillaga að sumarlokun skrifstofu 2023 verður lögð fram.

Samþykkt samhljóða að vegna sumarleyfa verði skrifstofa Tálknafjarðarhrepps lokuð frá og með þriðjudeginum 4. júlí 2023 og opni á ný mánudaginn 31. júlí 2023.

3. Skóladagatal 2023-2024 - 2303077

Tillaga að skóladagatali 2023-2024 lögð fram í samræmi við 29. gr. Laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Mál frá 8. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.03.2023 og 9. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.04.2023.

Eftir umræður var dagatalinu vísað aftur til afgreiðslu hjá fræðslunefnd og verður það lagt til staðfestingar hjá sveitarstjórn að þeirri umræðu lokinni.

4. Rekstur tjaldsvæðis 2023 - 2301026

Mál frá 41. fundi atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.04.2023.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða samþykkt atvinnu- og hafnarnefndar um að samið verði við Kristinn Hilmar Marinósson um rekstur tjaldsvæðis Tálknafjarðar árið 2023 á grundvelli framlagðs tilboðs í kjölfar auglýsingar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá og rita undir samning við leigutakann.

5. Íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefnd - 9 - 2303007F

Fundargerð íþróttta-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 27.03.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 5.1 2303021 - Samkomusalir, gjaldskrá
- 5.2 2303115 - Sundlaug og íþróttamiðstöð Tálknafjarðar.
- 5.3 2303128 - Mikilvægi þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi
- 5.4 2212664 - Frístundafulltrúi

6. Fræðslunefnd - 9 - 2304001F

Fundargerð 9. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.04.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 6.1 2303137 - Landsteymi um farsæld barna í skólum
- 6.2 2208001 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023
- 6.3 2303185 - Samrekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla
- 6.4 2303077 - Skóladagatal 2023-2024

7. Skipulagsnefnd - 8 - 2304002F

Fundargerð 8. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 18.04.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 7.1 2210466 - Breyting á aðal- og deiliskipulagi á Gileyri
- 7.2 1706010 - Deiliskipulag - Þinghóll.
- 7.3 2110138 - Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði
- 7.4 2105001 - Deiliskipulag í Hrafnadal
- 7.5 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031

8. Atvinnu- og hafnarnefnd - 41 - 2304003F

Fundargerð 41. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.04.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 8.1 2301026 - Rekstur tjaldsvæðis 2023
- 8.2 2110201 - Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar
- 8.3 2211506 - Orkuskipti í höfnum
- 8.4 2301004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023
- 8.5 2301083 - Fundargerðir 2023 Hafnasamband

9. Styrktarsjóður EBÍ 2023 - 2304014

Erindi frá Eignahaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands dags. 04.04.2023 varðandi styrktarsjóð EBÍ 2023.

Lagt fram.

10. Ársreikningur BsVest 2022 - 2304034

Drög að ársreikningi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks fyrir árið 2022.

Lagt fram.

11. Grænbók um sjálfbært Ísland - 2304046

Erindi frá Forsætisráðuneytinu dags. 16.04.2023 þar sem kynnt er fundaðerð forsætisráðherra vegna kynningar á Grænbók um sjálfbært Ísland.

Lagt fram.

12. Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2023 - 2304051

Erindi frá Landskerfi bókasafna hf. dags. 17.04.2023 þar sem boðað er til aðalfundar félagsins sem fer fram í Reykjavík þriðjudaginn 09.05.2023.

Lagt fram.

13. Orkuskipti - Samtal um nýtingu vindorku - 2304059

Erindi frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu dags. 21.04.2023 þar sem boðið er til opinna funda um orkuskipti með áherslu á hlutverk vindorku.

Lagt fram.

14. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025

Upplýsingagjöfin rædd.

15. Samstarfsnefnd vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046

Fundargerðir samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar frá 29.03.2023 og 13.04.2023.

Lagt fram.

16. Fundargerðir 2023 Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) - 2303086

Fundargerð 142. stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða sem fór fram 04.04.2023.

Lagt fram.

17. Fundargerðir 2023 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2301063

Fundargerð 921. stjórnarfundar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 30.03.2023.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:50.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)